

bætur, húsagerð, mótak, torfskurð og annað slíkt og enn fremur hvers konar grjót-**101**
vinna, vegagerð og gatnagerð, járnsmíðar, húsasmíðar, steinhögg og steinsteypu-
vinna, skurðgröftur og hvers konar jarðvinna með handverkfærum. Skyldar starfs-
greinar teljast enn fremur þessu samkvæmt hvers konar sjósókn og siglingar, fisk-
veiðar og fiskverkun, frystihúsavinna, uppskipun með vélum og önnur hafnarvinna
og þess háttar. Þá teljast skyldar starfsgreinar ritstörf, skrifstofustörf, búðarstörf,
prentvinna, prófarkalestur, bókbænd, létt verksmíðjuvinna innanhúss, gistihúsa-
og veitingahúsavinna og önnur innanhússtörf, sem ekki reyna mjög á líkamskrafta
manna, bifreiðaakstur, húsgagnagerð, klæðasaumur, gull- og silfursmíðar, skó-
smíðar, söðlasmíðar og önnur létt handverk o. s. frv.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 24. maí 1943.

Bráðabirgðaákvæði:

Þar til orlofsbækur og orlofsmerki eru tilbúin til sölu á póstafgreiðslum, skulu
kaupgreiðendur greiða starfsmönnum sínum í peningum 4% af kaupí því, er þeir
hafa borið úr bítum fyrir vinnu sína þennan tíma, sbr. þó 2. mgr. 4. gr. laga nr.
16/1943.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 16 26. febrúar 1943,
um orlof, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1943.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Trjáræktar- og blómræktarsjóð“, **102**
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 20. maí 20. maí
1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Trjáræktar- og blómræktarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Trjáræktar- og blómræktarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með frjálsum samskotum starfsmanna Alþingis 1943,
í minningu um 100 ára afmæli tilskipunar um endurreisn Alþingis frá 8. marz 1843.
Stofnfé sjóðsins er kr. 1500.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja tvo efnilega unglunga — dreng og stúlku —
til þess að læra blómarækt og trjárækt, og að verðlauna einstaka menn fyrir að
koma upp vel ræktuðum trjögörðum og blómgörðum við heimili sín.

102

20. maí

- Við stofn sjóðsins skal árlega leggja:
- a. vexti;
 - b. gjafir, áheit og annað, sem sjóðnum kann að áskotnast.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Skrifstofustjóri Alþingis, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar, skóræktarstjóri ríkisins og einn maður, er starfsmenn Alþingis kjósa til eius árs í senn.

Fjármálaráðuneytið endurskoðar reikninga sjóðsins.

7. gr.

Alla vextina skal leggja við höfuðstólinn — en hann má aldrei skerða — þangað til þeir eru orðnir kr. 500 á ári, en eftir það aðeins helming þeirra. Hinn hluta vaxtanna skal stjórn sjóðsins úr því verja til styrkveitinga og verðlauna.

8. gr.

Endurskoðaður reikningur sjóðsins skal birtur árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Ef sjóðstjórninni þykir ástæða til, getur hún látið endurskoða skipulagsskrá þessa á 5 eða 10 ára fresti. En tilgangi sjóðsins má þó eigi raska.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá sjóðsins.

Reykjavík, 8. marz 1943.

Í umboði starfsmanna Alþingis

Guðmundur Davíðsson. Jón Sigurðsson.

103

21. maí

REGLUGERÐ

um skömmtun á gúmmívaðstígvélum.

1. gr.

Engum er heimilt að selja gúmmívaðstígvél karlmanna (nr. 7 eða stærri) nema kaupandi skili innkaupsleyfi.

2. gr.

Allir þeir, sem verzla með slík stígvél, skulu hinn 1. júní gefa skömmtunaryfirvaldi skýrslu um birgðir sínar þann dag, í því formi, sem skömmtunarskrifstofa ríkisins ákveður. Heildarskýrslur úr hverjum stað skulu sendar skömmtunarskrifstofu ríkisins.